

Griðasvæði fyrir seli í Reykjavík

Tillaga:

Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur leggur til að selir fái friðhelgi á strandsvæðum og við árósa í Reykjavík. Þar með vill ráðið að allri veiði á bæði land- og útsel verði hætt innan lögsögu borgarinnar. Þá hvetur ráðið aðila sem stunda netaveiði í Faxaflóa til að gera sitt besta til að koma í veg fyrir að selir lendi óvart í netum.

Enn fremur leggur umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur til að lagaumgjörð um seli verði endurskoðuð með það fyrir augum að tryggja vernd íslensku selastofnana til framtíðar. Við þá endurskoðun þarf að meta hvort málefni sela eigi ekki heima undir stjórn umhverfis- og auðlindaráðuneytisins eins og málefni villtra landspendýra.

Greinargerð:

Staða íslenskra selastofna er mjög bágborin og hefur báðum tegundum fækkað mikið en þær eru báðar skráðar á valista fyrir spendýr sem Náttúrufræðistofnun Íslands gaf út síðasta haust. Þar er landselur skilgreindur sem tegund í bráðri hættu og útselur sem tegund í hættu.

Núverandi staða sela í íslenskum lögum er með öllu ólíðandi. Nú er til meðferðar á Alþingi frumvarp til breytingar á lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Í frumvarpinu lagt er til að ráðherra verði veitt heimild til að setja í reglugerð reglur um selveiðar, m.a. um skráningu selveiða og takmörkun þeirra á íslensku forráðasvæði verði það talið nauðsynlegt af Hafrannsóknarstofnun. Þessi lagabreyting er stórt skref í rétta átt því engar slíkar heimildir hafa verið fyrir hendi. Þá er endurskoðun á lögum um vernd, friðum og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 einnig löngu tímabær en rætt hefur verið að málefni sela verði hluti af þeirri löggjöf. Það væri skynsamlegt skref til að styrkja enn frekar vernd íslenskra selastofna. Mikilvægt er að rannsóknir á íslenskum selastofnum séu öflugar til að tryggja góðan þekkingargrunn um ástand stofnana. Þá þarf að bæta til muna veiðitölur, þ.m.t. skráningu á fjölda sela sem eru meðafli í netaveiði.

Langt er síðan mannskepnan nam land á Íslandi en henni hafa alla tíð fylgt óafturkræf áhrif á vistkerfi landsins m.a. með ofveiði á dýrategundum. Hefur slík ofveiði leitt til útdauða tegunda hér við land eða jafnvel á heimsvísu eins og í tilfelli geirfuglsins. Að friða sel við Íslandsstrendur er löngu tímabær aðgerð þar sem stofnar hans eru verulega hætt komnir.